



## LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Umboðsmaður Alþingis  
Opcat- eftirlit  
*Sent með rafrænum hætti*

Reykjavík, 21. apríl 2026  
Tilvísun: 202509-1118 /04.05

### **Efni: Heimsókn umboðsmanns Alþingis á grundvelli OPCAT-eftirlits**

Vísað er til bréfs umboðsmanns Alþingis, dags. 23. desember 2025, til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu (LRH) og skýrslu um heimsókn umboðsmanns í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu dagana 10. – 11. október 2025 á grundvelli OPCAT-eftirlits með aðstæðum frelsissviptra. Í erindi umboðsmanns er óskað eftir viðbrögðum LRH við þeim tilmælum og ábendingum sem sett eru fram í skýrslunni.

Í erindi þessu verður farið yfir þær aðgerðir sem LRH hefur ráðist í á grundvelli þeirra tilmæla og ábendinga sem fram koma í skýrslunni og í samtölum starfsmanna embættisins við starfsmenn OPCAT- eftirlitsins. Líkt og áður, hefur LRH leitast við að bregðast við öllum tilmælum og ábendingum en eðli málsins samkvæmt taka sum verkefni lengri tíma en önnur.

Á haustmánuðum 2025, ákvað þáverandi lögreglustjóri að setja á stofn starfsvettvang stjórnenda og starfsmanna LRH. Markmið starfsvettvangsins er að vinna að breytingum og lagfæringum til að mæta athugasemdum og tilmælum umboðsmanns, gera ábyrgð stjórnenda og starfsmanna skýrari, bæta aðstöðu fyrir starfsfólk auk þeirra sem vistaðir eru. Markmiðið er m.a. að koma í veg fyrir frávík í vistunarrýmum, stytta vistunartíma, bæta almennan skilning stafsmanna á viðkvæmni og mikilvægi starfseminnar, auk þess að kalla fram viðhorfsbreytingar. Er það mat starfshópsins að breytt orðanotkun sé liður í því að efla virðingu fyrir þeim einstaklingum sem vistaðir eru og starfseminni í vistunarrýmum. Má þar nefna að handtekinn einstaklingur telst vistaður en ekki fangi og ekki er lengur notast við orðið fangaklefi heldur vistunarrými. Leitast hefur verið eftir að gera breytingar á starfseminni til að mæta þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið í skýrslum OPCAT-nefndarinnar. Hefur hópurinn, sem telur sex starfsmenn, fundað mjög ört og reglulega og hrint ýmsum breytingum í framkvæmd. Aðrir starfsmenn hafa einnig verið kallaðir að borðinu til að nýta sérfræðipækkingu þeirra.

Mörg verkefni eru í vinnslu hjá hópnum, nokkrum þeirra er þegar lokið og önnur langt á veg komin. Má þar nefna að hafin er vinna við gerð nýrra verklagsreglna vegna



## LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

vistunarrýma með hliðsjón af norrænum reglum. Farið hefur verið yfir búnað í vistunarrýmum á öllum lögreglustöðvum, s.s. málmleitartæki, hjartastuðtæki og eldvarnartæki. Öryggismál hafa verið yfirfarin sem og verklag og áætlun um þrif í rýmum. Unnið er í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra (RLS) að breytingum á lögreglukerfinu (LÖKE) sem miða að því að bæta skráningu ýmissa þátta er lúta að vistun einstaklinga. Nýjar dýnur hafa verið settar í vistunarrými, dýnur sem eru mun mýkri og öruggari en þær sem áður voru. RLS hefur innleitt í LÖKE leiðbeiningar um réttindi handtekinna einstaklinga sem eru á aldrinum 15-18 ára, auk orðskýringa. Eru þessi eyðublöð nú á íslensku, ensku, pólsku og úkraínsku. Á fundi með OPCAT-eftirlitnefnd umboðsmanns Alþingis sem haldinn var 25. febrúar síðastliðinn var vinna hópsins kynnt en vinnan hefur haldið stöðugt áfram síðan.

Eftirfarandi eru skýringar og viðbrögð embættisins við tilmælum og ábendingum umboðsmanns, settar fram með hliðsjón af efnistöfum heimsóknarskýrslunnar.

### 1. Aðbúnaður

Með hliðsjón af umfjöllun umboðsmanns í **3. kafla skýrslunnar** var eftirfarandi tilmælum beint til LRH:

*Taka þarf til skoðunar lýsingu í klefum í því augnamiði að hægt sé að slökkva ljós óski vistaðir þess. Standi öryggissjónarmið því í vegi beinir umboðsmaður því til lögreglustjórans að halda áfram að leita leiða til að hægt sé að hafa umgjörð myndavéla þannig að þær virki í myrkri.*

Tekin hefur verið í notkun ný eftirlitsmyndavél til reynslu í rými nr. 5. Myndavélin hefur víðara upptökusvið auk þess að virka betur í myrkri. Hún hefur reynst vel að svo komnu. Hún er einnig án hlífar sem hefur verið til trafala, sem aðrar vélar í vistunarrýmum hafa. Hægt er að stilla ljósin þannig að vistaðir einstaklingar geta haft myrkur í klefnum óski þeir þess. Er verið að meta hvort að endurnýja þurfi allar vélar í vistunarrýmum og á öðrum svæðum sem vistaðir einstaklingar ganga um.

*Gera þarf mönnum sem vistast í fangaklefa kleift að sjá út úr klefa, meðal annars til að fylgjast með hvað tímanum líður. Í því tilliti ætti notkun pappírsmíða til þess að byrgja vistuðum sýn úr klefa ekki að tíðkast nema í algjörum undantekningartilfellum og þá á grundvelli veigamikilla sjónarmiða, svo sem vegna rannsóknarhagsmuna.*

Allir pappírsmíðar voru fjarlægðir strax. Brýnt hefur verið fyrir starfsmönnum að óheimilt sé, nema í afar sérstökum tilfellum, að byrgja vistuðum sýn úr klefa. Sé það mat starfsmanna að nauðsynlegt sé að byrgja sýn úr klefum, t.d. vegna rannsóknarhagsmuna, þá skuli bókað um það sérstaklega í vistunardagbók og tryggja að það sé einungis í mjög skamman tíma og alls ekki lengur en nauðsynlegt er.

*Fara þarf yfir hljóðmerki sem eiga að heyrast í varðstofu þegar bjöllum er hringt í klefa og ganga úr skugga um að búnaðurinn virki sem skyldi. Ef bilanir verða á*



## LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

*hljóðmerkjum ætti að forðast að vista einstaklinga í klefum þar sem bilananna er vart og láta fara fram viðgerð eins fljótt og mögulegt er.*

Bjöllukerfi í klefum hefur verið yfirfarið og það lagfært þar sem við á. Farið hefur verið yfir það með starfsmönnum að ef hljóðmerki virki ekki skuli upplýsa stjórnendur þá þegar svo hægt sé að lagfæra bilanir. Sé þess kostur skuli ekki vista einstaklinga í þeim klefum á meðan bilunar gætir.

*Í tengslum við eftirlitsmyndavélakerfi í fangageymslu þarf að taka til skoðunar hljóð- og myndgæði, meðal annars með því að athuga utanaðkomandi þætti sem kunna að trufla búnaðinn. Ganga þarf úr skugga um að myndavélabúnaður sé fullnægjandi svo hægt sé að sinna myndavélaeftirliti með viðhlítandi hætti og vista nothæfar upptökur.*

Farið hefur verið yfir búnaðinn, tengingar og það sem við á til að freista þess að tryggja samfellu í hljóði og mynd. Líkt og framar greinir hefur ein myndavél verið tekin í notkun til reynslu og er verið að skoða og vinna að frekari tæknilausnum sem uppfylla þarfir til eftirlits í vistunarrýmum, bæði rauneftirliti og þannig að upptökur nýtist sem best fyrir eftirlitsaðila innan stofnunar og utan.

## 2. Eftirlit og umsjón með handteknum

Með hliðsjón af umfjöllun umboðsmanns í **4. kafla skýrslunnar** var eftirfarandi tilmælum beint til LRH:

*Að haga framkvæmd í fangageymslu í samræmi við verklagsreglur þannig að brugðist sé við beiðni handtekinna einstaklinga um að komast á salerni án tafar, sé þess nokkur kostur.*

*Að sinna þrifum án tafar í samræmi við verklagsreglur þegar einstaklingur lætur frá sér þvag, saur, blóð eða aðra líkamsvessa í klefa.*

Markvisst hefur verið farið yfir núgildandi verklagsreglur og fyrirmæli umboðsmanns með starfsmönnum LRH, með það að markmiði að bæta viðbrögð við þörfum vistaðra. Hefur það gengið mjög vel. Hafa skráningar í vistunardagbók einnig verið bættar til muna. Þannig má sjá að reynt er að tryggja vistuðum ferðir á salerni um leið og óskað er eftir því og eru vistunarrými þrífir um leið ef upp koma atvik sem hér greinir. Auk þessa hefur verklag um áætlun um þrif í vistunarrýmum verið uppfært.

Næring og drykkur, kafla 4.3, og viðbrögð við bjöllu, kafla 4.4.

*Að sjá til þess að verklagi, sem miðar að því að tryggja að vistuðum sé boðin næring og drykkur fljótlega eftir komu í fangageymslu og eftir þörfum, sé fylgt, þegar ástand viðkomandi stendur því ekki í vegi, og að skráningu á því sé sinnt með fullnægjandi hætti.*

*Að ganga úr skugga um að handteknum mönnum sé almennt sinnt strax eða skömmu eftir að boð frá bjöllu berst úr klefa, nema að veigamiklar ástæður séu fyrir hendi, og að samræmt verklag gildi um þetta atriði.*



## LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Farið hefur verið mjög vel yfir mikilvægi 14. gr. nógildandi reglna um fangageymslur nr. LRH176 með starfsmönnum í vistunarrými. Í því felst m.a. að starfsmenn skuli tryggja að vistuðum einstaklingi sé boðin næring og drykkur fljótlega eftir komu á lögreglustöð og reglulega á meðan á vistun stendur. Mikilvægi skráninga hefur einnig verið ítrekað í þessu tilliti.

Það er í vinnslu að útbúa kynningar fyrir handtekna einstaklinga til samræmis við ábendingar OPCAT-nefndar um að til viðbótar við eyðublaðið sé rétt að hafa leiðbeiningar á spjöldum á vegg. Verið er að hanna kynningar til að birta á stórum skjá sem ætlað er að verði á vegg í móttökurýmum þar sem handtekinn einstaklingur getur kynnt sér réttindi sín á því tungumáli sem hann skilur. Réttindi handtekins einstaklings sem birtast á eyðublaði fyrir handtekna, verða áfram kynnt af lögreglu eins og verið hefur. Einnig er verið að vinna í lausn sem miðar að því að handteknir einstaklingar fái eyðublaðið sent með rafrænum hætti í pósthólf sitt á Ísland.is og um leið leiðbeiningar um þær kæruleiðir sem í boði eru.

### Reglubundið eftirlit kafla 4.5

*Að sjá til þess að rauneftirliti sé ávallt sinnt, jafnvel þótt handtekinn einstaklingur í klefa sé undir stöðugri myndvöktun.*

*Að mæla fyrir um lágmarkstíðni rauneftirlits í skriflegu verklagi.*

*Að tryggja að í starfsemi fangageymslunnar sé eftirliti í raun sinnt þegar starfsmaður ber kort sitt upp að kortalesara við klefa.*

*Að tryggja að rauneftirliti sé sinnt í samræmi við mat varðstjóra á þörf fyrir innlit.*

Stjórnendur í vistunarrýmum hafa lagt í mikla vinnu við að bæta eftirlit með vistuðum einstaklingum til að uppfylla kröfur reglna um fangageymslur nr. LRH176. Í vinnslu hjá LRH er einnig að bæta einstaklingsbundið mat sem fram fer í hvert sinn sem einstaklingur er vistaður. Það er gert til að geta mótað verklag um tíðni eftirlits og eftirlitsferða með tilliti til sérstakra þarfa, öryggis og velferðar hvers og eins. Eins og er, er eftirlit með einstaklingum líkt og reglur nr. LRH176 mæla fyrir um en verið er að þróa og semja nýjar verklagsreglur sem m.a. mæla fyrir um lágmarkstíðni eftirlits.

### Vistun án klæða kafla 4.6

*Ítrekuð eru tilmæli umboðsmanns til lögreglustjórans um að leita allra leiða til að forðast að vista handtekna einstaklinga klæðalaus í fangaklefa, þannig að þeir fái viðhaldið mannlegri reisni sinni.*

*Að tryggja að ávallt fari með reglubundnum hætti fram endurmat á þörfinni fyrir að einstaklingur vistist klæðalaus í klefa.*



## LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

### Ábending

*Miðað við hversu algengt það virðist að einstaklingar dveljist klæðalausir í fangageymslu taki lögreglustjóri það til skoðunar hvort rétt sé að láta fara fram greiningu á þessum atvikum með það í huga hvort að breyta þurfi verklagi við þessar aðstæður.*

Vistaður einstaklingur er færður úr fötum sínum sé það nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að fatnaður ógni öryggi hans. Sé það gert er meðalhófs gætt eftir fremsta megni. Hins vegar reynist því miður stundum nauðsynlegt að taka allan fatnað af vistuðum. Til að mæta þessum ábendingum OPCAT-eftirlits hefur LRH tekið í notkun til reynslu sérhannaðan fatnað sem vistaðir einstaklingar geta klæðst, sé þörf fyrir að taka fatnað af þeim á meðan á vistun stendur. Hefur fatnaðurinn reynst vel í þau skipti sem hann hefur verið notaður. Fatnaðurinn er sérstaklega hannaður með það að markmiði að draga úr sjálfsvígum og sjálf skaða á þeim stöðum þar sem einstaklingar kunna að vera sviptir frelsi sínu. Er fatnaðurinn úr sérstöku efni sem ekki er hægt að rífa niður eða kveikja í.

*Umboðsmaður Alþingis ítrekar eftirfarandi við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra í samræmi við tilmæli úr eldri skýrslu vegna heimsóknar umboðsmanns á Hverfisgötu, sem gefin var út árið 2020:*

*Að fylgja eftir áformum um samræmingu verklags vegna vistunar einstaklinga í fangageymslum sem taldir eru í sjálfsvígshættu.*

LRH tekur undir ábendingu OPCAT-nefndar um þörf fyrir að áformum um samræmingu verklags vegna vistunar einstaklinga sem eru taldir í sjálfsvígshættu sé fylgt eftir. Vinna hefur farið fram hjá LRH vegna þessa á undanförnum árum. Má þar nefna að með gerð ástandsmats og breytingum á skráningum í LÖKE hefur LRH reynt að leita leiða til að sinna þörfum vistaðra og að þeir fái viðeigandi aðstoð heilbrigðisstarfsfólks.

### Viðmót gagnvart vistuðum kafla 4.7

*Að sjá til þess að framkoma lögreglumanna og annars starfsfólks sem kemur að vistun manna í fangageymslu sé í samræmi við meginreglur 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga og almenn sjónarmið um mannúð og mannvirðingu.*

Eins og frammar segir hefur verið settur á stofn starfsvettvangur sem hefur það verkefni að bæta og gera ábyrgð stjórnenda og starfsmanna skýrari, bæta aðstöðu fyrir starfsfólk auk þeirra sem vistaðir eru. Ítrekað hefur verið fyrir starfsmönnum að vistun í vistunarrýmum lögreglu er með viðkvæmustu verkefnum sem lögregla hefur með höndum. Einstaklingar sem vistaðir eru geta verið að glíma við mikla erfiðleika og getur dvöl í vistunarrými verið fólki afar erfið. Er gríðarlega mikilvægt að borin sé virðing fyrir verkefninu sem slíku sem og sýna þeim einstaklingum sem vistaðir eru virðingu.



## LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

### 3. Heilbrigðisþjónusta

Með hliðsjón af umfjöllun umboðsmanns í **5. kafla skýrslunnar** var eftirfarandi tilmælum beint til LRH:

Líkamleg veikindi kafla 5.3

*Að kalla ávallt til heilbrigðisstarfsfólk í fangageymslu eða færa einstakling á heilbrigðisstofnun sé ástand hans með þeim hætti að almennt sé eðlilegt að hann njóti heilbrigðisþjónustu.*

Þegar vistaður einstaklingur glímir við líkamleg veikindi er reynt eftir fremsta megni að kalla til heilbrigðisstarfsfólk sem kemur þá á lögreglustöð, ýmist sjúkralið, lækna eða hjúkrunarfólk. Einnig er handteknum einstaklingum ekið á bráðamóttöku til viðtals og meðferðar hjá heilbrigðisstarfsfólki.

Skortur á samstarfi kafla 5.5

*Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Landspítalans, dómsmálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins í tengslum við ábyrgð hins opinbera á gæslu frelsissviptra einstaklinga og aðgangi þeirra að heilbrigðisþjónustu:*

#### Tilmæli

*Að hafa með sér samráð og samvinnu um að gera ráðstafanir til þess að frelsissvipting girði ekki fyrir að þeir sem vistast í fangageymslu geti fengið nauðsynlega geðheilbrigðisþjónustu. Hér er til dæmis vísað til þess að tryggt sé að fyrir hendi sé nægjanleg þekking til að meta hvort ástand vistaðra kalli á sérstakar ráðstafanir, eins og lyfjagjöf eða flutning á heilbrigðisstofnun.*

LRH hefur sent erindi til dómsmálaráðuneytis með ósk um samstarf vegna tilmæla OPCAT-eftirlits um að gerðar verði ráðstafanir sbr. framangreint, ásamt því að þessum tilmælum var komið á framfæri á fundi með RLS 13. apríl síðastliðinn.

### 4. Skráning og eftirlit

Með hliðsjón af umfjöllun umboðsmanns í **6. kafla skýrslunnar** var eftirfarandi tilmælum beint til LRH:

Skráning kafla 6.1

*Að gæta þess að þau atriði sem talin eru upp í 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl., séu ávallt skráð í vistunarskýrslur handtekinna, s.s. um hvort og hvenær handteknum manni var borinn matur og ef viðkomandi hefur verið færður til læknis eða á sjúkrahús.*



## LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

*Að skrá í vistunarskýrslur önnur veigamikil atriði sem máli kunna að skipta varðandi vistunina, svo sem upplýsingar um frávík í fangageymslu, salernisferðir vistaðra og aðkomu heilbrigðisstarfsfólks.*

Skráningar starfsmanna í vistunarrýmum hafa verið efldar til muna. Eru öll afskipti, samskipti og þjónusta við vistaða nú skráð í vistunarskýrslu. Einnig er í vinnslu samstarf við embætti ríkislögreglustjóra vegna LÖKE með það að markmiði að auðvelda m.a. skráningar í vistunardagbók.

Eftirlit með daglegri starfsemi kafli 6.2

*Að taka eftirlit innan embættisins til endurskoðunar varðandi starfsemi fangageymslunnar við Hverfisgötu með það í huga að stjórnendum berist nauðsynlegar upplýsingar og séu nægilega meðvitaðir um starfsemina til að geta brugðist við kerfisbundnum ágöllum á henni eða einstökum atvikum sem þar koma upp.*

Innra eftirlit embættisins hefur verið eftt að þeim þáttum sem snýr að vistunarrýmum. Gerðar hafa verið ráðstafanir sem hægt er til að stjórnendur og innra eftirlit geti fylgst með öllum frávíkum sem verða. Sett hafa verið upp mælaborð sem sýna starfsemina í tölum og virkjaðar tilkynningar með tölvupósti þar sem við á. Eru stjórnendur og framkvæmdastjórn LRH með aðgang að slíkum mælaborðum þar sem hægt er að fylgjast með þróun mála í vistunarrýmum LRH.

Að lokum vill embættið koma því á framfæri að áfram verður unnið að umbótum og verður eftirlitsnefndinni haldið upplýstri eftir því sem fram vindur.

Virðingarfyllst,

María Káradóttir,  
settur lögreglustjóri

*Fylgiskjöl og tenglar:*

Upplýsingar fyrir 15-17 ára börn sem hafa verið handtekin.

Orðskýringar fyrir 15-17 ára börn sem hafa verið handtekin.

Upplýsingar um sérhannaðan fatnað:

<https://tetcon-ge.com/en/product/tear-resistant-gown-tricot-extreme/>

<https://tetcon-ge.com/en/product/anti-tear-t-shirt-tricot-extreme-line/>